



Sólstöðuhátíð á Kópaskeri

Nú er undirbúningur hafinn fyrir Sólstöðuhátíð á Kópaskeri dagana 24. – 26. júní. Framfarafélag Öxarfjarðar hefur umsjón með hátíðinni.

Þeir sem vilja vera með viðburð af einhverju tagi eða taka þátt í hátíðinni á einhvern hátt eru beðnir að hafa samband við Guðmund Magnússon á netfangið gm@nordurthing.is.

Engin hugmynd er svo lítil eða stór að ekki megi skoða hana.

Við erum strax farin að hlakka til!

Tónleikar á Kópaskeri:

24. maí - Þriðjudagur - Þjóðlagadúóið LalomA, nikka/flauta, harpa. Flygilvinir – tónlistarfélag við Öxarfjörð.

Skeglan í maí

Skeglan kemur ekki út miðvikudaginn 11. maí vegna sumarleyfis útgefanda.

Eftir hvítasunnu kemur Skeglan út eins og ekkert hafi í skorist, þó að mánudagur sé frídagur. Skilafrestur er á annan í hvítasunnu kl. 22:00 eins og vant er á mánudögum. Munið að senda auglýsingar tímanlega vegna þess að helgin er löng.

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 18. maí 2016.

Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
18. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 4. maí 2016



9. maí - Kópasker (Skólahúsið kl. 17:00)

Í samstarfi við Flygilvini – tónlistarfélag við Öxarfjörð

9. maí - Þórshöfn (Báran kl. 20:30)

Alda Dís Arnardóttir:

Alda er ný og upprennandi söngkona sem skaut upp á stjörnuhimininn þegar hún vann hæfileikakeppnina *Ísland got talent* árið 2015. Í kjölfarið gerði hún sína fyrstu sólóplötu, HEIM sem kom út í nóvember það sama ár. Í febrúar sl. tók í hún þátt í söngvakeppni sjónvarpsins og hreppti annað sætið með lagið NOW/Augnablik.

Mummi / Guðmundur Reynir Gunnarsson:

Mummi er stórkostlegur píanóleikari sem hefur gert garðinn frægan í fótboltanum. Hann gaf út sína fyrstu sólóplötu, Various Times in Johnny's Life, árið 2010. Í vetur tók hann einnig þátt í *Ísland got talent* og sannaði fyrir þjóðinni hvað hann er ótrúlega fjölhæfur en hann keppti í undanúrslitum og stóð sig með þryði.

Aron Steinþórson:

Aron er söngvari og gítarleikari í hljómsveitinni Puffin Island. Hljómsveitin var stofnuð 2015 og er Indí/Rokkhljósveit og þeir hafa átt 3 lög á top 20 lista rásar 2 á síðasta ári og þar af eitt á í topp 3. Fyrsta plata hljómsveitarinnar kemur út í sumar.